

Nd.

499. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta lagafrumvarp um verðlagsmál. Samkvæmt því á ný 5 manna nefnd að ákveða hámarksverð á vörum og greiðslur fyrir margs konar verk og þjónustustarfsemi. Áður hefur innflutningsskrifstofan farið með þetta vald. Ráðherra á að skipa verðlagsstjóra, og í kaupstöðunum á að vera sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, til að fjalla um brot á lögum um verðlagsmál.

Undanfarnar vikur hafa stjórnarflokkarnir flutt þjóðinni þann boðskap, að þeir væru að veita henni verzlunarfrelsi. Um þetta hafa verið fluttar langar ræður og skrifaðar margar blaðgreinar með stórum fyrirsögnum.

Hafi einhverjir lagt trúnað á það, að stjórnarflokkarnir væru að koma hér á verzlunarfrelsi, þá hlýtur þetta stjórnarfrumvarp að koma yfir þá menn eins og þruma úr heiðskíru lofti. Frumvarpið sýnir, að ríkisstjórnin trúir ekki sjálf á frelsisskráfið sitt. Og þá er ekki hægt að búast við, að aðrir taki mark á því.

Sé verzlunin frjáls, geta allir, sem peninga hafa, náð í fánlegar vörur, innlendar og útlendar, og hagað kaupum sínum þannig, að þau verði svo hagkvæm sem orðið getur. Þá getur frjáls samkeppni kaupfélaga og kaupmanna notið sín, og þá er engin þörf fyrir opinbert verðlagseftirlit.

En þetta frumvarp er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um, að ekkert mark sé takandi á fullyrðingum hennar um, að hún sé að leysa viðskiptahöft af þjóðinni og koma á frjálsri verzlun.

Ríkisstjórnin leggur til, að Alþingi kjósi 4 menn í verðlagsnefnd og ráðuneytisstjórnin í viðskiptamálaráðuneytinu verði formaður og fimmti maður nefndarinnar. En fyrir þinginu liggja einnig aðrar og áður fram komnar tillögur um skipan þessara mála. Þær eru í lagafrumvarpi Þórarins Þórarinssonar og Jóns Skaftasonar á þingskjali 162. Þar er lagt til, að samtök neytenda tilnefni þrjá menn í verðlagsnefnd og samtök kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda aðra þrjá. Náist ekki fullt samkomulag um verðlagsákvæðanir í þessari sex manna nefnd, verði ágreiningsatriði lögð undir úrskurð þriggja manna yfirnefndar. Þetta fyrirkomulag er hliðstætt því, sem gilt hefur allengi við verðlagningu á landbúnaðarvörum og hefur reynzt þannig, að ekki er trúlegt, að frá því verði horfið.

Meðan talin er þörf fyrir opinbera ihlutun um verðlagsmálin, tel ég réttara að reyna þá aðferð til samkomulags um þau mál, sem stungið er upp á í frumvarpinu á þingskjali 162, heldur en að skipa nefndina fulltrúum stjórnmalaflokkanna og ráðuneytisstjóra. Ég ber því fram við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna hvert um sig einn mann í verðlagsnefnd, er fer með verðlagsákvæðanir samkvæmt lögum þessum. Þegar um verðlagningu á rekstrarvörum og þjónustu vegna útgerðarinnar er að ræða, skal fulltrúi frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna taka sæti í nefndinni í stað fulltrúa Stéttarsambands bænda.

Náist ekki samkomulag með öllum nefndarmönnum um verðlagningu, skal visa ágreiningi til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum neytenda í sex manna nefndinni, öðrum tilnefndum af fulltrúum kaupmanna, kaupfélaga og iðnrekenda og þeim þriðja tilnefndum af hæstarétti. Yfirnefndin fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Alþingi, 23. maí 1960.

Skúli Guðmundsson.